



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar

Kópavogi, 12. desember 2025
2508895/502.10 IA

Efni: Beiðni um heimild til sölu íbúðar 206-6390 og 206-6400 í Þverbrekku 2 og 205-8675 í Ástúni 12

Fyrir hönd Húsnæðisnefndar Kópavogs óskar undirritaður eftir heimild bæjarstjórnar til að ganga frá sölu á ofangreindum íbúðum og undirrita öll skjöl sem, sölunni tengjast.

Á fundi bæjarráðs þann 21. ágúst sl. var undirrituðum veitt heimild til að selja fjórar íbúðir, þar á meðal ofangreindar þrjár íbúðir. Eftir hefðbundið sölufarli hafa borist eftirfarandi tilboð þrjár íbúðanna, sem hafa verið samþykkt með fyrirvara (sjá afrit af kauptilboðum).

Tilboðsverð fyrir íbúð 206-6390 er 65,9 m.kr. (ásett 67,9 m.kr.), tilboðsverð fyrir 206-6400 er 48,5 m.kr. (ásett 49,9 m.kr. og tilboðsverð fyrir Ástún 12 er 49,9 m.kr. (ásett 49,9 m.kr.). Er það mat sérfræðinga hér innanhúss að þetta séu eðlileg tilboð miðað við mismunandi ástand eignanna.

Er því óskað eftir að bæjarráð/bæjarstjórn veiti undirrituðum heimild til að fullgilda kaupsamning vegna sölu þessara íbúða og við fullnaðaruppgjör, afsal vegna þeirra.

Á árinu 2025 er félagslegum íbúðum, að meðtöldum íbúðum við Kleifakór að fjölga um 15 og með ofangreindum íbúðum verða sex íbúðir seldar á árinu, þar af var ein íbúð seld til leigutaka þar sem fjölskyldutekjur fóru yfir ákvarðað hámark.

Virðingarfyllt,

Ingólfur Arnarson
Deildarstjóri greiningardeildar

